

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2012-2013

10. apríl 2013

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 30. maí 2012. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar, 6. gr., skal ársfundur haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Vegna páskaleyfis náðist ekki að funda fyrir lok mars.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á ársfundi 2011. Stjórnina skipa: Arnfríður Guðmundsdóttir, sem er formaður, Hjalti Hugason, meðstjórnandi og varaformaður og María Ágústsdóttir sem er fulltrúi doktorsnema. Sigfinnur Þorleifsson er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Sjá fylgiskjal.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ frá síðasta ársfundi:

6. september. Fyrirlesari: Dr. Jörgen Kjærgaard, aðstoðarprófessor við Árórsarháskóla og kennari við Kirkjutónlistarskólann í Vestervíg. Heiti fyrirlesturs: *Theologia hymnica – the DNA of the lutheran congregational hymn*

29. október. Fyrirlesari: Prófessor emeritus Birger Olsson. Heiti fyrirlesturs: *How to read the Gospel of John?*

26. nóvember. Fyrirlesari: Sr. María Ágústsdóttir doktorsnemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Heiti fyrirlesturs: *Saman eða þvert á? Samkirkjulegt og þvertrúarlegt starf á Íslandi á 21. öld.*

16. janúar. Fyrirlesari: Dr. Mary Streufert, yfirmaður Justice for Women hjá Evangelical Church of America (ELCA), Chicago, Bandaríkjunum. Heiti fyrirlesturs: *Jesus Christ Beyond the Divide: A Christian Feminist Proposal.*

4. febrúar. Fyrirlesari: Dr. Sigurður Pálsson, menntunar- og guðfræðingur. Heiti fyrirlesturs: *Hvað merkir eftirfarandi ákvæði í frumvarpi að nýrri stjórnarskrá: Virða skal rétt foreldra til þess að tryggja að menntun barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra (24. gr. 4. mgr.)?*

18. febrúar. Fyrirlesari: dr. Rúnar M. Þorsteinsson, dósent í nýjatestamentisfræðum við Lundarháskóla og stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Heiti fyrirlesturs: *Fjórða Makkabeabók og áhrif hennar á kristnar píslarvættishugmyndir*

11. mars

Fyrirlesari: Dr. John Franke prófessor við Guðfræðistofnunina Yellowstone í Bozeman, Montana, Bandaríkjunum. Heiti fyrirlesturs: *Missional Theology – what difference does it make for the church?*

8. apríl. Fyrirlesari: sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir héraðsprestur. Heiti fyrirlesturs: *Um mannskilning myndbirtinga á vettvangi fjölmiðla og félagsmiðla.*

Málþing

28. nóvember hélt Guðfræðistofnun Háskóla Íslands málþing undir yfirskriftinni: Hvað er í deiglu? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Á málþinginu fluttu kennarar við Guðfræði- og trúarbragðadeild HÍ erindi sem byggðu á rannsóknum þeirra.

Dagskrá málþingsins:

Arnfríður Guðmundsdóttir: *Áföllin í lífinu og glíman við Guð. Um guðfræðilega túlkun reynslu af alvarlegum áföllum.*

Einar Sigurbjörnsson: *Jólasálmar séra Valdimars Briem.*

Gunnlaugur A. Jónsson: *"Sæll er sá sem hefur yndi af leiðsögn Drottins." Að lesa Davíðssálma sem bók.*

Hjalti Hugason: *Heiðarleiki og hræsni. Um presta og kirkju í verkum Þorgils gjallanda.*

Pétur Pétursson: *Trúfrelsi og þjóðkirkja – andstæður eða skapandi samstæða?*

Sigfinnur Þorleifsson: *Hann slóst í för með þeim". Sálgæsla og hópastarf*

Sólveig Anna Bóasdóttir: *Að fyrirgefa ekki - um gildi gremjunnar fyrir einstakling og samfélag.*

Málþingsstjóri: Sr. María Ágústsdóttir, doktorsnemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og fulltrúi nemenda í stjórn Guðfræðistofnunar.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2012, hefti nr. 32 og 33 í ritstjórn Gunnlaugs A. Jónssonar.

Ritstjórn Ritraðarinnar skipa núna: Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri), Pétur Pétursson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Styrkur til útgáfu Ritraðarinnar frá Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar fyrir árið 2012 nam alls 300 þús. kr., eða 150 þús. kr. fyrir hvert hefti.

Rannsóknaverkefnið 2017.is

Sjá skýrslu um starf verkefnis 2012-2013.

Hugvísindaping

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið 15.-16. mars s.l. Að venju tóku starfsmenn Guðfræðistofnunar virkan þátt á Hugvísindapingi.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Sjá yfirlit.

Trúarbragðastofa

Sjá fylgiskjal.

Íslenskir samstarfsaðilar

- ***Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar***

Guðfræðistofnun hefur átt í samstarfi við Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar í trúarbragðafræðum frá stofnun hennar, árið 2009, og á fulltrúa í stjórn hennar. Fram að þessu hefur samstarfið aðallega falist í ráðstefnu- og málþingshaldi.

25. janúar hélt Guðfræðistofnun ásamt Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

Yfirskrift málþingsins var *Mannréttindi á upplausnartímum*.

Fyrirlesarar voru Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, og Magnús Þorkell Bernharðsson, dósent í sögu Mið austurlanda við Williams College í Bandaríkjunum.

Stjórnandi málþingsins: Ævar Kjartansson, guðfræðingur og dagskrárgerðarmaður.

Í maí n.k. er væntanlegur til landsins í boði Stofnunar Sigurbjörns og Guðfræðistofnunar dr. Mark Taylor, prófessor og deildarforseti Trúarbragðafræðideildar Columbia University í New York, Bandaríkjunum. Fyrirhugað er að halda málþing þar sem dr. verður aðalfyrirlesari. Einnig mun Guðfræðistofnun standa fyrir málstofu þar sem hann mun ræða um hugmyndir sínar um háskóla.

- ***Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar***

Guðfræðistofnun á fulltrúa í nýstofnaðri nefnd um 500 ára afmæli siðbótarinnar sem haldið verður hátíðlegt árið 2017. Afmælisnefndin hefur farið þess á leit við stjórn Guðfræðistofnunar að standa saman að útgáfu á verkum Marteins Lúthers á íslensku í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag. Hefur stjórn stofnunarinnar samþykkt að fara í slíkt samstarf.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Stefna Guðfræðistofnunar 2013-2017

Sjá fylgiskjal.

Reykjavík, 9. apríl 2013

Arnfríður Guðmundsdóttir, formaður stjórnar

Hjalti Hugason, meðstjórnandi

María Ágústsdóttir, fulltrúi doktorsnema